

# Jafnréttisstefna Advania

Advania mun stuðla að því að fyllsta jafnréttis verði gætt á milli allra starfsmanna Advania og dótturfyrirtækja og að hver starfsmaður sé metinn á eigin forsendum. Þannig stuðlar fyrirtækið að sem bestri nýtingu mannaúðar samstæðunnar ásamt því að hvetja til betri starfsanda. Kynbundin mismunur er óheimil, í hvaða formi sem hún birtist og er það stefna fyrirtækisins að útrýma slíkri mismunur komi hún í ljós.

## Markmið

Markmið með jafnréttisstefnu er að stuðla að jafnri stöðu starfsmanna innan samstæðu Advania og jöfnum tækifærum einstaklinga á sem flestum sviðum, óháð kyni, aldri eða uppruna. Þetta á m.a. við um rétt til starfa, aðstöðu, menntunar og kjara fyrir jafn verðmæt og sambærileg störf.

## Stefnumið

- Gæta skal jafnréttis við ráðningar og tilfærslur í starfi
- Leitast skal við að jafna hlutfall kvenna og karla í hinum ýmsu störfum
- Gæta skal jafnréttis hvað varðar ábyrgð og þátttöku starfsmanna í starfshópum og nefndum.
- Greiða skal jöfn laun og sömu kjör fyrir jafn verðmæt og sambærileg störf.
- Allir starfsmenn skulu eiga jafnan aðgang að starfsmenntun og þjálfun.
- Gera skal starfsmönnum kleift að samræma atvinnu og fjölskyldulíf.
- Kynferðisleg áreitni og einelti verða ekki liðin.

## Ábyrgð

Ábyrgð á framgangi jafnréttismála er hjá stjórnendum. Þeir skulu vinna að því að jafnréttisstefnu sé framfylgt og viðhaldið og leggja mat á hvort markmiðum hennar sé náð. Stjórnendum og starfsmönnum innan samstæðu Advania skal standa til boða fræðsla og aðstoð í jafnréttismálum. Þetta á við störf, starfsaðstæður, kjör, samskipti á vinnustað, einelti, kynferðislega áreitni, valdbeitingu og önnur þau mál sem lúta að jafnrétti og samskiptum á vinnustað

## Kjör

Við ákvörðun launa og fríðinda skal þess gætt að starfsmönnum sé ekki mismunad á grundvelli kyns eða uppruna. Gæta skal þess að konur og karlar njóti að öllu leyti sambærilegra kjara og starfsaðstæðna. Advania og dótturfyrirtæki munu með reglubundnum hætti vinna að kerfisbundnu, kynhlutlausu starfsmati fyrir starfsmenn sína, þar sem megináhersla er lögð á starfið sem slíkt, en ekki einstaklinginn sem gegnir því. Leggja skal áherslu á að þættir sem einkenna hefðbundin störf karla og kvenna séu metnir með sama hætti.

## Starfsþróun/starfsframi

Allir starfsmenn skulu njóta sömu möguleika til endurmenntunar, starfsþjálfunar og til að sækja námskeið. Við úthlutun ábyrgðar og verkefna og skipan í nefndir og stjórnir á vegum Advania skal eftir því sem við verður komið, leitast við að hlutfall kynjanna sé sem jafnast.

Þannig samþykkt í stjórn Advania þann 15. júní 2011